

## 14. fundur stjórnar

Starfsárið 2022-2023

6. janúar 2023

**Viðstödd eru:** Agnes, Álfur, Bjarndís, Mars, Vera, Þórhildur, Tinni (áheyrnarfulltrúi ungmennaráðs), Daníel (framkv.stj.)

**Fundargerð ritar:** Vera Illugadóttir

**Fundur settur:** 17:16.

### 1. Samþykkt síðustu fundargerðar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar hefur verið sett á Slack-rás stjórnar til samþykktar.

### 2. Fréttir frá ungmennaráði

Tinni flytur stjórn fréttir af ungmennaráði. Ungmennaráð er á leið í búðir á Akureyri með fleiri hinsegin ungmennum af landinu. Þá er ráðið að vinna að veggspjöldum um hatursorðræðu.

### 3. Aðalfundur 2023

- Stjórn ræðir dagsetningu aðalfundar 2023. Daníel stingur upp á að hafa fundinn á föstudegi í stað sunnudags sem venja er. Stjórn samþykkir föstudaginn 10. mars.
- Rafrænar kosningar. Daníel segir frá vinnu að því að innleiða rafrænar kosningar fyrir aðalfund. Stjórn samþykkir að ganga til viðræðna við Júní Digital um kosningakerfi.
- Lagabreytingar. Stjórn ræðir mögulegar breytingar á lögum Samtakanna fyrir komandi aðalfund, meðal annars um hlutverk alþjóðafulltrúa og félagaráðs. Framkvæmdastjóri leggur til að skipuð sé lagabreytinganefnd. Formaður og varaformaður taki sæti í nefndinni. Stjórn samþykkir.
- Ársskýrsla. Framkvæmdastjóri kynnir hugmyndir um næstu ársskýrslu Samtakanna.

### 4. Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri kynnir stjórn fréttir af starfsmannamálum og skrifstofu. Tvö ný stöðugildi bætast við á skrifstofu í upphafi árs. Einnig er kominn inn nýr lögfræðiráðgjafi. Taxti fræðara og ráðgjafa í verktöku hefur verið hækkaður. Stjórn fagnar.

### 5. Tryggingar og öryggi

- Gerður hefur verið samningur við Öryggismiðstöðina um öryggiskerfi á Suðurgötu. Stjórn fagnar.
- Farið var í útboð fyrir tryggingar. Samið var við TM í kjölfarið.

### 6. Fjárhagsáætlun 2023

Framkvæmdastjóri kynnir stjórn fjárhagsáætlun fyrir árið 2023. Stjórn fagnar ákaft.

### 7. Önnur mál

- Stjórn samþykkir að veita framkvæmdastjóra umboð til að ráða án auglýsingar starfsmanneskju fyrir styrk á fjárlögum vegna bakslags. Stjórn leggur til að ráðin verði Þorbjörg Þorvaldsdóttir þar sem hún býr yfir nauðsynlegri þekkingu á málefnum. Stjórn fagnar.
- Framkvæmdastjóri tjáir stjórn af breytingum á opnunartíma skrifstofu, framvegis verður lokað á föstudögum.

**Fundi slitið: 18:40.**